

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 15. desember 1982

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 79/622/EBE frá 25. júní 1979 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi veltigrindur á landbúnaðardráttarvélum á hjólum (kyrstöðuprófun)

(82/953/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II., III. og IV. viðauka við tilskipun 79/622/EBE í samræmi við viðauka þessarar tilskipunar.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 79/694/EBE⁽²⁾, og lögum um aðild Grikklands, einkum 11. gr.,

2. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi fenginnar reynslu á þessu sviði og með hliðsjón af stöðu mála er nú mögulegt að gera ákvæði tilskipunar ráðsins 79/622/EBE⁽³⁾ ítarlegri og færa þau nær raunverulegum prófunarskilyrðum.

1. Frá 1. október 1983 er aðildarríkjunum:

— óheimilt að neita að veita gerðum dráttarvéla EBE-gerðarviðurkenningu eða neita að gefa út skjal sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða að veita innlenda gerðarviðurkenningu, eða

— banna að dráttarvélar séu teknar í notkun;

Ákvæði þessarar tilskipunar eru sett fram með fyrirvara um ákvæði tilskipunar ráðsins 77/536/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi veltigrindur á landbúnaðardráttarvélum á hjólum⁽⁴⁾. Í þessu skyni er heimilt, fram að dagsetningu sem verður ákveðin síðar, að setja veltigrindur á dráttarvélar sem eru annaðhvort í samræmi við tilskipun 77/536/EBE eða þessa tilskipun.

ef veltigrind þessarar gerðar dráttarvélar eða dráttarvéla er í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Frá 1. október 1984, er aðildarríkjunum:

— óheimilt að gefa út skjal sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE vegna gerðar dráttarvélar ef veltigrind hennar er ekki í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar,

— heimilt að neita að veita innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar ef veltigrind er ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndar er sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með landbúnaðardráttarvélar.

3. Frá og með 1. október 1985 mega aðildarríkin banna að dráttarvél sé tekin í notkun ef veltigrind hennar er ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 205, 13. 8. 1979, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 179, 17. 7. 1979, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 220, 29. 8. 1977, bls. 1.

4. Ákvæði 1. – 3. mgr. eru með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 77/536/EBE.

3. gr.

Aðildarríkjunum ber að samþykkja nauðsynleg ákvæði til að framfylgja tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1983. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1982.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karl-Heinz NARJES

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka við tilskipun 79/622/EBE:

Liður 4.1.1. falli niður.

Liður 4.1.2. verði liður 4.1.1.:

„4.1.1. Veltigrind hefur hvernig farið inn á auða svæðið sem lýst er í lið 3.2 í III. viðauka né heldur hefur það fallið utan veltigrindarinnar á meðan á prófunum stóð eins og tilgreint er í liðum 1.2, 1.3, 1.5, 1.6 og eftir því sem við á 1.7 í III. viðauka.

Ef yfirálagsprófun er gerð skal krafturinn, á því stigi þegar sú orka sem tiltekin er hefur verið tekin upp, ekki vera minni en 0,8 af hámarkskrafti sem beitt er á meðan á aðalprófun stendur og viðkomandi yfirálagsprófun (sjá myndir 4b og 4c í IV. viðauka).

Liður 4.1.3. verði liður 4.1.2.

Á eftir lið 4.1.3 (nú liður 4.1.2.) komi nýr liður 4.1.3.

„4.1.3. Þegar tilætluðu orkustigi er náð í sérhverri tilgreindri lárétrri álagsprófun, skal krafturinn vera meiri en $0,8 F_{\max}$ “.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 6. lið „TÁKN“:

Eftirfarandi tákn færast inn á eftir tákni D:

„D' = sveigja (mm) grindar miðað við þá orku sem krafist er.“

Textinn við táknið F' verði:

„F' = kraftur sem svarar til þeirrar orku sem krafist er.“

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á texta við táknið F-D:

„F-D = kraft-sveigjuferill.“

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á texta við táknið $E_{il\ 2}$:

„ $E_{il\ 2}$ = orkuupptaka við viðbótarálag eftir endilöngu (J).“

Táknin E_i , E'_1 , E_a og $E_{,1}$ falli niður.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á III. viðauka við tilskipun 79/622/EBE:

Í stað liðar 1.2 komi eftirfarandi:

„1.2. **Álag eftir endilöngu** (sjá mynd 2 í IV. viðauka)

Álag skal vera lárétt samsíða lóðréttu miðjuplanu dráttarvélarinnar.

Í dráttarvélum þar sem að minnsta kosti 50% massa samkvæmt skilgreiningu liðar 1.3 í II. viðauka er á afturhjólnum skal álagi eftir endilöngu að aftan og álagi frá hlið beitt á hvoru á sína hlið við lengdarmiðjuplan veltigrindarinnar. Í dráttarvélum þar sem að minnsta kosti 50% massa er á framhjólnum skal álagi eftir endilöngu að framan og álagi frá hlið beitt á sömu hlið miðað við lengdarmiðjuplan veltigrindarinnar.

Það skal sett við efsta hluta þverbíta veltigrindarinnar (þ.e. þess hluta sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við veltu).

Álagspunktur skal vera einn sjötti af breidd efsta hluta veltigrindarinnar ef mælt er inn á við frá ytra horni. Breidd veltigrindar telst vera fjarlægð milli tveggja lína sem eru samsíða lóðréttu miðjuplanu dráttarvélarinnar og nær hún til ystu hluta veltigrindarinnar á láréttu plani er nær til efsta hluta efsta þverbíta grindarinnar.

Lengd stoðar má ekki vera minni en einn þriðji af breidd veltigrindar (eins og áður er lýst) og ekki meira en 49 mm yfir þessu lágmarki.

Álagi eftir endilöngu sem er beitt að aftan og framan eins og skilgreint er í lið 3.1.1.1. í II. viðauka.

Hætta skal prófun þegar:

- a) aflögunarorka sem veltigrind hefur tekið upp er jöfn eða meiri en orka sem krafist er vegna E_{II1} (þar sem $E_{II1} = 1,4 m_t$);
- b) grindin fer inn á auða svæðið eða ver auða svæðið ekki lengur.

Í stað liðar 1.4 komi eftirfarandi:

„1.4. **Yfirálagsprófun**

- 1.4.1. Ef rifur, sprungur eða beyglur koma fram við lárétta álagsprófun er hægt að krefjast yfirálagsprófunar til að ákvarða enn frekar styrkleika grindarinnar þannig að tryggt sé að hún þoli áframhaldandi veltur (sjá myndir 4a, 4b og 4c).
Ætíð skal framkvæma yfirálagsprófun ef kraftur er aukinn um meira en 3% á síðustu 5% fullrar sveigju ef sú orka sem er nauðsynleg fer í grindina (sjá mynd 4b).
- 1.4.2. Yfirálagsprófun felur í sér að lárétt álag er aukin smám saman um 5% af upphaflegri orku sem krafist er upp í allt að 20% af þeirri orku sem er bætt við (sjá mynd 4c).
- 1.4.2.1. Yfirálagsprófun telst fullnægjandi ef í hvert sinn sem aukning verður um 5, 10 eða 15% á þeirri orku sem krafist er minnkar kraftur um minna en 3% miðað við hver 5% í aukningu og helst hærri en $0,8 F_{max}$.
- 1.4.2.2. Yfirálagsprófun telst fullnægjandi ef kraftur helst hærri en $0,8 F_{max}$ þegar 20% af viðbótarorku hefur farið í grindina.
- 1.4.2.3. Við yfirálagsprófunina eru viðbótarsprungur eða rifur leyfilegar svo og að veltigrindin fari inn á auða svæðið eða það ekki varið sem skyldi vegna fjaðrandi sveigju. Grindin skal þó ekki fara inn á auða svæðið, sem verður að vera fullkomlega varið, eftir að álag hefur verið fjarlægt.“

Liðir 3.1. – 3.1.4. falli niður.

Liðir 3.2 og 3.3 verði liðir 3.1 og 3.2 eftir því sem við á.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á IV. viðauka við tilskipun 79/622/EBE:

„MYNDIR

Mynd 1 Álag frá hlið

Mynd 2 Álag eftir endilöngu að aftan

Mynd 3 Dæmi um uppstillingu fyrir álagsprófun.

Mynd 4a Kraft/sveigjuferill — yfirálagsprófun ekki nauðsynleg

Mynd 4b Kraft/sveigjuferill — yfirálagsprófun nauðsynleg

Mynd 4c Kraft/sveigjuferill — yfirálagsprófun fram haldið

Mynd 5 Lýsing á hugtökunum varanleg, fjaðrandi og heildarsveigja

Mynd 6a Auða svæðið séð frá hlið

Mynd 6b Auða svæðið séð aftan og framan frá

Mynd 6c Firðrækin mynd

Mynd 7 Búnaður til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis

Mynd 8 Aðferð við að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis“

Í stað texta við mynd 1 komi eftirfarandi, einungis í ensku útgáfunni:

„Point of application of lateral loading.“

Í stað skýringarteikninga á myndum 2, 4a, 4b og 4c komi eftirfarandi:

Full breidd

Þverskurður X — X

Sjötti hluti breiddar

Álagshlið

Mynd 2

Álag eftir endilöngu að aftan (ef að minnsta kosti 50% massa dráttarvélar hvílir á afturhjólunum)

Kraftur

Sveigja og kraftur
sem grindin hefur nýtt
nauðsynlega útreiknaða
orku fyrir (1.1)

F' = kraftur fyrir nauðsynlega
útreiknaða orku

D' = sveigja fyrir nauðsynlega
útreiknaða orku

Sveigja

1. Viðmiðunin aF' samsvarar $0,95 D'$.
- 1.1. Yfirálagsprófun óþörf þegar $aF' < 1,03 F'$.

Mynd 4a

Ferill fyrir kraft/sveigju

Yfirálagsprófun óþörf

Kraftur

Sveigja og kraftur
sem grindin hefur nýtt
nauðsynlega útreiknaða
orku fyrir (1.1)

Orkunýting jöfn 1,05 af
nauðsynlegri orku (1.2)

Sveigja

1. Viðmiðunin aF' samsvarar $0,95 D'$.
- 1.1. Yfirálagsprófun nauðsynleg þegar $aF' > 1,03 F'$.
- 1.2. Yfirálagsprófun fullnægjandi þegar $bF' > 0,97 F'$ og $bF' > 0,8 F_{\max}$.

Mynd 4b

Ferill fyrir kraft/sveigju
Yfirálagsprófun nauðsynleg

Kraftur

Orkunýting jöfn nauðsynlegri orku (1.1)

Orkunýting jöfn 1,05 af
nauðsynlegri orku (1.2)

Orkunýting jöfn 1,10 af
nauðsynlegri orku (1.3)

Orkunýting jöfn 1,15 af
nauðsynlegri orku (1.4)

Orkunýting jöfn 1,20 af
nauðsynlegri orku (1.5)

Sveigja

Sveigja vegna yfirálags

1. Viðmiðunin aF' samsvarar $0,95 D'$.
- 1.1. Yfirálagsprófun nauðsynleg þegar $aF' > 1,03 F'$.
- 1.2. Þegar $bF' < 0,97 F'$ skal halda yfirálagsprófun áfram.
- 1.3. Þegar $cF' < 0,97 bF'$ skal halda yfirálagsprófun áfram.
- 1.4. Þegar $dF' < 0,97 cF'$ skal halda yfirálagsprófun áfram.
- 1.5. Yfirálagsprófun fullnægjandi þegar $eF' > 0,8 F_{\max}$.

Athugasemd: Ef F fer einhverju sinni niður fyrir $0,8 F_{\max}$ mun grindinni verða hafnað.

Mynd 4c

Ferill fyrir kraft/sveigju
Yfirálagsprófun haldið áfram
